



Skólaráðsfundur 16. mars 2018

Fundinn sátu Kristín skólastjóri, Einar Logi Vignisson fulltrúi foreldra, Heiða fulltrúi starfsmanna, Sigríður Helga fulltrúi kennara, Kristófer Nökkvi Sigurðsson forstöðumaður Draumalands, Telma Jeanne Bonthonneau fulltrúi nemenda og Sigríður aðstoðarskólastjóri ritar fundinn.

1. Skólastjóri kynnir dagskrá fundar.
2. Kynning á niðurstöðum lýðræðisþinga og í framhaldinu, hvernig best er að tryggja aðkomu frístundar og félagsmiðstöðvarinnar. Síðan verður stefna skólans unnin upp úr öllum niðurstöðum. Engar athugasemdir komu fram aðrar en að fundarmenn munu lúslega gögnin, Telma segist vera sátt við það sem hún hefur kynnt sér.
3. Skólaráði barst erindi frá starfsmanni, Ingu Láru um breytingar á skólareglum. Breytingar voru bornar upp á stigsfundum til umfjöllunar. Frá stigsfundi kom athugasemd hvað varðar ítrekuð agabrot, hvernig hægt er að takast á við stöðuna. Málinu er vísað til annarrar umræðu og verður tekið upp á næsta fundi.
4. Símareglur og umgengni með síma á ganginum. Miðstig á að fara út í frímínútum og borið hefur á því að nemendur eru í símanum þegar og þar sem ekki má. Hvernig er best að leysa þetta? Málinu er vísað til annarrar umræðu úti í skólasamfélaginu. Nemendur t.d. í unglingadeild vita ekki um boð og bönn, t.d. símalaus matsalur!
5. Stuldur á úlpum. Ítrekaður þjófnaður hefur verið tilkynntur til lögreglu. Álits hefur verið leitað hjá yfirmanni tryggingamála hjá borginni. Nemendur eru með læsta skápa (unglingadeild) og þar eru námsbækur í stað þess að geyma þar yfirhafnir. Þetta verður lagt fyrir á stigsfundi til umræðu. Til þess að bregðast við hefur verið leitað tilboða í öryggismyndavélar. Til að byrja með erum við að hugsa um þrjár vélar. Einar Logi leggur til að athuga hvort hægt sé að sækja um aukafjárveitingu til að bregðast við og telur að það þurfi að ganga lengra, fá sex til sjö vélar.
6. Viðhaldsdeild ætlar að koma í næstu viku. Skólaráð fór á göngu fyrr í vetur og gerði úttekt, þarfagreiningu og verður stuðst við hana. Búið er að teikna upp og gera fjárhagsáætlun í starfsmannaaðstöðu en ekki að setja tíma. Íþróttasalurinn hentar illa, hvernig getum við brugðist við?
7. Risið. Vantar að starfsmaður sinni sínu, opni og kveiki á grillunum. Tekið verður á því. Telma óskar eftir græjum í Risið og fær ráðleggingar frá Einari Loga. Gengið verður frá kaupum þegar að niðurstaða liggur fyrir.

Fundi slitið kl. 9.05